



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

Rosdestvenskíj snýr aftur

10. október 2013





MENNTA- OG
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ



Reykjavíkurborg

Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum meðan á tónleikum stendur.

Tónleikagestir eru beðnir um að klappa aðeins í lok tónverka.

Tónleikarnir eru í beinni útsendingu á Rás 1 og verða aðgengilegir í tvær vikur á www.ruv.is.

Áætluð tímalengd verka:

Rússneskur páskahátíðarforleikur: 15'00"

Píanókonsert: 15'00"

Sinfónía nr. 10: 53'00"

Aðalstyrktaraðili:



GAMMA

Rosdestvenskíj snýr aftur

Fim. 10. október » 19:30

Gennadi Rosdestvenskíj hljómsveitarstjóri
Viktoría Postnikova einleikari

Nikolaj Rimskij-Korsakov *Rússneskur páskahátíðarforleikur, op. 36 (1887–88)*

Nikolaj Rimskij-Korsakov *Píanókonsert í cís-moll, op. 30 (1882–1883)*
Moderato–Allegretto quasi polacca
Andante mosso
Allegro

Hlé

Dmítrij Shostakovitsj *Sinfónía nr. 10 í e-moll, op. 93 (1953)*
Moderato
Allegro
Allegretto
Andante – Allegro

Gennadi Rosdestvenskíj

hljómssveitarstjóri



Gennadi Rosdestvenskíj fæddist í Moskvu árið 1931. Foreldrar hans voru hljómssveitarstjórinn og kennarinn Nikolai Anosov og sópransöngkonan Natalya Rhozhdestvenskaya. Hann nam hljómssveitarstjórn hjá föður sínum og píanóleik hjá Lev Oborin í Tónlistarháskólanum í Moskvu. Í upphafi tónlistarferils síns tók hann upp eftirnafn móður sinnar til að forðast að verða hyglað vegna ættartengsla.

Aðeins tvítugur að aldri var hann ráðinn til að stjórna ballettinum *Þyrnirós* eftir Pjotr Tsjajkovskíj í Bolshoi leikhúsinu í Moskvu. Í kjölfarið gegndi hann stöðu fasts hljómssveitarstjóra næstu tíu árin og stöðu aðalhljómssveitarstjóra frá 1964 til 1970. Aldamótaárið 2000 var Rosdestvenskíj skipaður tónlistarstjóri Bolshoi leikhússins.

Rosdestvenskíj var um árabíl aðalstjórnandi Útvarpshljómssveitarinnar í Moskvu og var fyrstur sovéskra stjórnenda til að gegna aðalhljómssveitarstjórastöðu á erlendri grundu. Hann var listrænn stjórnandi Stokkhólms-fílharmoníunnar 1974-77, aðalstjórnandi BBC sínfóníuhljómssveitarinnar í Lundúnum 1978-1981 og stjórnandi Vínarsínfóníunnar frá 1980-82. Þá stjórnaði hann Hljómssveit rússneska menntamálaráðuneytisins frá 1983-1991 og Konunglegu fílharmoníunni í Stokkhólmi frá 1992-95.

Gennadi Rosdestvenskíj hefur stjórnað frumflutningi fjölmargra verka landa sinna heimavið. Einnig frumflutti hann mörg rússnesk verk á vesturlöndum, meðal annars 4. sínfóníu Dmítrij Shostakovitsj á Edinborgarhátíðinni 1962. Þá stjórnaði hann rússneskum frumflutningi á *Jónsmessunæturdraumi* Benjamins Britrens. Mörg rússnesk tónskáld hafa tileinkað honum verk sín, þeirra á meðal er Sofia Gubaidulina.

Gennadi Rosdestvenskíj er goðsögn í lifanda lífi. Hann er yfirburða tónlistarmaður og hljómssveitarstjóri. Slagtækni hans er áreynslulaus og skýr. Reyndar stjórnar hann mestmegnis með nærveru sinni enda er útgeislun hans einstök og óviðjafnanleg. Munnlegar músíkalskar leiðbeiningar hans eru fáar en auðskiljanlegar og æfingarnar stuttar en hnitmiðaðar. Galdurinn felst í yfirburðum hans og gagnkvæmu trausti hljómssveitar og stjórnanda.

Viktoría Postnikova

einleikari



Viktoría Postnikova fæddist í Moskvu og kemur úr mikilli tónlistarfjölskyldu. Sem undrabarn hóf hún tónlistarnám í undirbúningsdeild Tónlistarháskólans í Moskvu sex ára gömul og þreytti frumraun sína á tónleikapalli í píanókonert eftir Mozart ári síðar. Hún lauk námi frá Tónlistarháskólanum 23ja ára gömul og lék 1. píanókonert Chopins á Proms tónleikum BBC í London sama ár.

Á fimm ára tímabili vann Postnikova til verðlauna í fjórum alþjóðlegum píanókeppnum; 1965 í alþjóðlegu Chopin keppninni í Varsjá, 1966 í Leeds keppninni, 1967 í Vianna da Motta píanókeppninni í Lissabon og 1970 í hinn frægu Tsjajkovskíj keppni í Moskvu.

Sem einleikari hefur Viktoría Postnikova komið fram með helstu hljómsveitum veraldar bæði austan hafs og vestan. Hún hefur einnig verið atkvæðamikill meðleikari og kammermúsikant. Ferðaðist hún m.a. víða með fiðluleikaranum Yehudi Menuhin og spilaði með honum sönötur Mozarts, Beethovens, Brahms og Bartóks.

Postnikova vakti snemma athygli fyrir hljóðritanir sínar og hefur æ síðan verið eftirsótt af helstu hljómplötuútgefendum. Verkaskrá hennar er víðfeðm og hefur hún m.a. hljóðritað öll píanóverk Tsjajkovskíjs, Janáček og Glinka og píanókonert Busonis fyrir Erato útgáfuna, alla þrjá píanókonerta Tsjajkovskíjs fyrir Decca, fiðlusönötur Richards Strauss og Busonis fyrir Chandos og alla píanókonerta Brahms, Chopins og Prokofíevs ásamt ýmsum öðrum verkum fyrir Melodiya útgáfufyrirtækið. Nýlegur geisladiskur með tónleikaupptöku á konsert fyrir fiðlu, píanó og strengjasveit eftir samtímátónskáldið Boris Tischenko hefur hlotið afar lofsamleg ummæli. Á honum leikur Viktoría Postnikova ásamt syni sínum Aleksandr Rosdestvenskíj undir stjórn eiginmanns síns til fjörutíu og fjögurra ára, Gennadis Rosdestvenskíj.

Nikolaj Rimskíj-Korsakov

Rússneskur páskahátíðarforleikur, op. 36

Píanókonsert í cís-moll, op. 30



Nikolaj Rimskíj-Korsakov (1844–1908) fæddist í Tikhvin sem er borg 200 km fyrir austan Pétursborg. Hann var af aðalsætt sem lengi hafði verið í þjónustu hersins, einkum sjóhersins. Sex ára gamall hóf hann píanónám í heimabæ sínum og fyrstu tónsmíðar hans urðu til fjórum árum síðar. Samhliða framhaldsnámi í siglingaskóla í Pétursborg sótti hann píanótíma en sagði síðar að sér hefðu leiðst þeir en óperusýningar og tónleikar frekar nært tónlistaráhuga sinn.

Á sextánda ári kynntist hann Feodor A. Kanille sem beindi honum inn á þá listrænu braut sem hann fetaði eftirleiðis. Hjá Kanille lærði hann tónsmíðar og píanóleik en fljótlega urðu tímarnir óformlegri og þeir hittust vikulega til að spila dúetta og rökræða um tónlist. Í nóvember 1861 kynnti Kanille hinn átján ára gamla Rimskíj-Korsakov fyrir Milíj Balakírev sem í framhaldinu kynnti hann fyrir César Cui og Modest Músorgskíj en þessir þrír ungu menn voru þegar þekkt tónskáld. Rimskíj-Korsakov skrifaði síðar: „Þvílík unun var að hlusta á alvöru samræður um hljóðfæranotkun, partaskrif og fleira sem og ítarlegar umræður um tónlistina í samtímanum! Allt í einu hafði mér verið varpað inn í mér áður óþekktan nýjan heim sem var svo fjarlægur í mínu fyrra umhverfi.“

Þeir Balakírev, Cui, Músorgskíj, Rimskíj-Korsakov og Aleksandr Borodin voru síðar ýmist kallaðir fimmmeningarnir, rússneska fimman eða hinir máttugu fimm. Stærsta sameiginlega áhugamál þeirra var að ljá rússneskri tónlist sterkan þjóðernislegan blæ í stað þess að byggja á sigildri miðevrópskri tónlistarhefð.

Nítján ára gamall fór Rimskíj-Korsakov sem miðskipsmaður í hartnær þriggja ára siglingu á seglskipi rússneska flotans. Í hverri höfn leitaði hann uppi raddskrár sem hann keypti og útvegaði sér píanó sem hann notaði til að kynna sér verkin. Þá las hann Hómer, Skakespeare, Schiller og Goethe í frístundum sínum. Hann sá m.a. einnig Niagara fossana, London og Rio de Janeiro á þessari löngu ferð. En það vantaði alla ytri hvatningu og leiði ásótti hann. Í bréfi til Balakírevs segist hann

hafa vanrækt tónlistaræfingar og að hægt og sígandi hefðu hugsanir um að gerast tónlistarmaður og tónskáld horfið með öllu.

Eftir heimkomuna hóf hann á ný að sinna tónsmíðum auk þess að sinna hlutastarfi í hernum. Hann aflaði sér virðingar innan fimmmenningahópsins, einkum fyrir hljómsveitarútfærslur sínar og 1871 fékk hann prófessorsstöðu við Tónlistarháskólann í Pétursborg. Enn hélt hann þó stöðu sinni í sjóhernum og kenndi í fullum skrúða.

Þrátt fyrir þessa vegtyllu var bókleg tónlistarmenntun hans í molum og hann leitaði ráða hjá vini fimmmenninganna Pjotr Tsjajkovskíj sem ráðlagði honum að mennta sig frekar. Í framhaldinu gerði hann þriggja ára hlé á tónsmíðum og sökkti sér niður í sjálfsnám samhliða kennslunni.

Vorið 1873 var Rimskíj-Korsakov skipaður í nýstofnaða stöðu eftirlitsmanns lúðrasveita rússneska hersins. Hann ferðaðist vítt og breitt um landið, hitti lúðrasveitarstjórnendur, skoðaði efnisval og hljóðfærakost hljómsveitanna og lagði til umbætur. Starfinu fylgdi stöðuhækkun; „með ánægju kvaddi ég bæði stöðu mína í hernum og einkennisbúninginn.“ Síðar sagði hann: „Hér eftir var ég opinberlega og óvæfengjanlega tónlistarmaður.“

Nikolaj Rimskíj-Korsakov hélt áfram að auka við- og dýpka tónlistarþekkingu sína. Hann var trúr þjóðernisstefnu rússnesku fimmunnar, notaði þjóðlegan efnivið, hljóma og rytma í tónsmíðum sínum en horfði með tímanum í auknum mæli til akademískra hefða í vestri. Síðar á ævinni gekk hann enn lengra og sótti sér fyrirmynd í tónlist Wagners sem áður hafði verið óhugsandi og jafnvel hneykslanlegt í hópi fimmmenninganna.

Nikolaj Rimskíj-Korsakov samdi 16 óperur, 17 kórverk bæði andleg og veraldleg, 17 sinfónísk verk, 7 einleikskonserta bæði með sinfóníuhljómsveit og lúðrasveit, 27 einsöngslög og dúetta, 17 kammerverk og 14 píanóverk. Þá gaf hann út tvö þjóðlagahefti með samtals 140 lögum og umritaði eða lauk við fjöldamörg ófullgerð verk samtímamanna sinna.

Tónlistin á Íslandi

Páskahátíðarforleikur Rímskíj-Korsakovs hefur aðeins einu sinni áður verið fluttur af Sinfóníu-hljómsveit Íslands en það var í maí árið 1987. Stjórnandi var bandaríski hljómsveitarstjórinn og fagottleikarinn Arthur Weisberg. Píanókonsertinn heyrir aftur á móti í fyrsta sinn í kvöld á tónleikum hljómsveitarinnar.

Rússneski páskahátíðarforleikurinn var í smíðum frá ágúst 1887 fram í apríl 1888 og var hann frumfluttur í Pétursborg í desember sama ár. Rímskíj-Korsakov tileinkaði verkið minningu tveggja féлага sinna úr „Fimmunni“, þeim Modest Músorgskíj og Aleksandr Borodin.

Verkið byggir tónskáldið að mestu leyti á nokkrum helgi-söngvum rússnesku rétttrúnaðarkirkjunnar en vitnar einnig í 68. Davíðssálm og 16. kafla Markúsarguðspjalls. Ein skærasta bernskuminningin frá Tikhvin var hljómur kirkjuklukkana nálægs klausturs á páskadagsmorgun og messan í stórrí kirkju fullri af fólki úr öllum þjóðfélagsstéttum þar sem nokkrir prestar þjónuðu fyrir altari. Þess má geta að rússneskir páskar nefnast Svetliy prazdnik sem útleggst sem bjartahelgi á íslensku. Í bók sinni „Tónlistarferill minn“ segir Rímskíj-Korsakov: „Það sem mér var áfram um að lýsa í forleiknum var hin þjóðsagnarkennda og heiðna hlið hátíðarinnar, umbreytingin frá drungalegum og dulúðlegum páskalaugardeginum yfir í óbeislaðan heiðinglegan glaum páskadagsins.“

Hægur inngangurinn byggir á hendingu úr 68. sálmi „Guð rís upp“ og kirkjusálmnum „Engill hrópaði“ sem skírskota til spádóms Jesaja um upprisu Krists. Næsti kafli lýsir myrkri gröfinni og ólýsanlegri birtunni á stund upprisunnar. Í lokakaflanum er dregin upp mynd af grísk-kaþólskri hátíðarmessu. Fyrst er önnur tilvitnun í 68. sálm „Þeir sem hata hann flýja fyrir augliti hans“ og síðan hátíðleg rödd erkiengilsins í túlkun trompetsins, klukkna hljómur og raddir prestanna sem boða fagnaðarerindið. Í sigri hrósandi niðurlaginu heyrir sálmurinn „Kristur er upprisinn“.

Rússneski páskahátíðarforleikurinn er síðasta verkið í röð þriggja glæsiverka sem Rímskíj-Korsakov frumflutti og stjórnaði á innan við einu ári í Pétursborg. *Capriccio Espagnol* op. 34 var flutt 17. desember 1887, sífóníska svítan *Sheherazade* op. 35 þann 3. nóvember 1888 og *Páskahátíðarforleikurinn* aðeins sex vikum síðar.

Í endurminningum sínum segir tónskáldið: „Með þessum verkum lýkur tímabili á ferli mínum þar sem hljómsveitarútfærsla mín hefur náð umtalsverðum hæðum í glæsileik og hljómbirtu án áhrifa Wagners og innan marka hljómsveitarstærðar Glinka.“

Það var forsprakki „Fimmennninganna“ píanistinn og tónskáldið Milíj Balakírev sem hvatti Rimskíj-Korsakov til að semja píanókonsert. *Píanókonsertinn* samdi hann á árunum 1882 til 1883 og var hann frumfluttur í marsmánuði 1884. Rimskíj-Korsakov var ekki píanóleikari en „það verður að segjast að hann hljómaði fagurlega og uppfyllti allar væntingar bæði í píanóteknísku og stílistísku tilliti og Balakírev var bæði undrandi og hrifinn. Hann átti ekki von á að ég gæti skrifað nokkuð svona algerlega píanístískt“.

Í konsertinum sækir Rimskíj-Korsakov fyrirmynd í píanókonserta Franz Liszts, einkum seinni konsertinn og sýndi hinum aldna snillingi þakklæti sitt og virðingu með því að tileinka honum konsertinn.

Ólíkt píanókonsertum Liszts byggir Rimskíj-Korsakov konsert sinn á einu stafi sem hann sækir í Þjóðlagasafn Balakírevs frá 1866. Stefið sem í upphafi verksins er kynnt af einleiks fagotti bregður sér síðan í ýmis líki á leið sinni í gegnum verkið og er píanórithátturinn glæsilegur og í anda Liszts. Konsertinn er í þremur samtvinnuðum köflum. Innganginum fylgir meðalhraður kafli í þrískiptum pólskum takti „quasi polacca“, miðkaflinn er í gönguhraða og sá síðasti hraður. Allt í gegn er Þjóðlagastefið auðheyrilegt í sínum margbreytilegu myndum.

Það er ekki fráleitt að ætla að eiginkona tónskáldsins Nadezhda Rimskaja-Korsakova hafi gefið honum góð píanístísk ráð á sköpunarferli konsertsins. Hún var ekki einungis snjall píanisti heldur einnig afburðavel menntaður tónlistarmaður og vitað er að hún las og gagnrýndi verk manns síns auk þess að fylgja honum á æfingar, tónleika og jafnvel í löng ferðalög.

Píanókonsert Rimskíj-Korsakovs hafði áhrif á önnur rússnesk tónskáld svo sem Glazúnov og Arensky en síðast en ekki síst Sergej Rakhmanínov sem samdi fyrsta píanókonsert sinn aðeins átta árum eftir tilurð cís-moll píanókonserts Rimskíj-Korsakovs.

Dmítríj Shostakovitsj

Sinfónía nr. 10



Tónlistin á Íslandi

Tíunda sinfónía Dmítríj Shostakovitsj var fyrst flutt á tónleikum Sinfóníu-hljómsveitarinnar 27. nóvember 1975 og stýrði pólski hljómsveitarstjórinn Bodhan Wodiczko flutningnum. Breski hljómsveitarstjórinn Frank Shipway stjórnaði verkinu árið 1986, þýski stjórnandinn Stefan Sanderling árið 1995 og Petri Sakari 1999. Þá stjórnaði Rumon Gamba sinfóníunni á 100. afmælisári Shostakovitsj 2006 og aftur þegar hann kvaddi hljómsveitina sem aðalhljómsveitarstjóri eftir 8 ára farsælt starf þann 10. júní 2010.

Dmítríj Shostakovitsj (1906–1975) er eitt merkasta tónskáld Rússa á 20. öldinni og njóta verk hans mikilla vinsælda bæði heima og heiman. En það eru ekki einungis tónverkin sem draga athygli manna að Shostakovitsj heldur einnig lífshlaup hans. Árið 1979 voru endurminningar Shostakovitsj gefnar út undir titlinum „Testimony“ sem gæti útleggst á íslensku sem „Vitnisburður“. Höfundurinn, rússneski tónlistarfræðingurinn Solomon Volkov ritaði bókina eftir nokkur viðtöl við tónskáldið í Bandaríkjunum. Bókin var strax mjög umdeild og er enn. Hafa margar bækur síðan verið skrifaðar bæði um Shostakovitsj og ýmsar fullyrðingar í bók Volkovs sem þykja orka tvímælis. Nýjasta bókin var gefin út árið 2011 og endurútgefin í netútgáfu á þessu ári. Hún ber nafnið „The Shostakovich Wars“ eða „Shostakovitsj styrjaldirnar“. Í henni er á óhlutrægan hátt leitast við að varpa ljósi á hið sanna í því sem um tónskáldið hefur verið skrifað. Niðurstaðan er í stuttu máli sú að bók Volkovs stenst skoðun. Þess ber að geta að margir landar Shostakovitsj þorðu ekki að tjá allan hug sinn fyrr en eftir fall kommúnismans. Bók Volkovs hefur verið þýdd á þrjátíu tungumál en aldrei gefin út í rússneskri frumgerð sinni.

Sagterað Stalín hafi sofnað svefninum langa umvafinn fegurð 23. píanókonerts Mozarts sem hljómaði frá plötuspilaranum. „Tónlist lýsir upp hvern kima mannsálarinnar og er hans síðasta von og athvarf. Jafnvel sinnisveik skepnan og slátrarinn Stalín skynjaði þennan áhrifamátt tónlistarinnar. Þess vegna hræddist hann hana og hataði.“

Shostakovitsj varð illa fyrir barðinu á harðstjóranum Stalín en slapp þó betur en margur annar. Hann féll tvisvar í ónáð, var margoft opinberlega niðurlægður og sum verka hans voru sett á bannlista. Margir vina hans hurfu aftur á móti sporlaust ásamt milljónum manna sem voru Stalín ekki þóknanlegir.

Erfitt er að geta sér til um hvað gerðist í hugarfylgsnum Shostakovitsj þegar hann frétti af dauða Stalíns í marsbyrjun 1953. Þó er vitað að hann lét verða sitt fyrsta verk að aflétta

Úr sögu hljómsveitarinnar

Bodhan Wodiczko (1912-1985) var aðalhljómsveitarstjóri hljómsveitarinnar í samtals fimm ár með hléum frá 1960 til 1971. Hann naut mikillar virðingar hér á landi og var sæmdur fálkaorðunni í fyllingu tímans. Við það tækifæri voru haldnir tónleikar honum til heiðurs en þar gerði flautuleikari nokkur mistök í einleik. Í lok tónleikanna var allur salurinn staðinn upp til að hylla Wodiczko. Hann þrammaði hins vegar út og tautaði: „I will kill the flute player!“ Fagnaðarlætinn höfðu engin áhrif á hann.

Wodiczko var ákaflega sérstakur maður, það gat verið gaman að honum þótt hann væri fjáranum mislyndari. Ég lék stundum einleik undir stjórn Wodiczkos, m.a. í trompetkonsert eftir Haydn. Ég man eftir tónleikum í Keflavík þar sem mér gekk mjög vel. Eftir tónleikana klappaði Wodiczko á öxlina á mér og sagði: „You have a very good instrument.“ Þetta var mesta hólíð sem hann lét í ljós. Lárus Sveinsson trompetleikari í viðtali 1999.

banni á flutningi nokkurra verka sinna sem hann hafði óttast að myndu styggja einræðisherrann. Um sumarið dró hann sig í hlé í sumarhúsi nálægt Leningrad og vann að tíundu símfóníunni. Þá voru tæp átta ár liðin frá frumflutningi þeirrar níundu. „Ég dró upp mynd af Stalín í tíundu símfóníunni. Ég samdi hana rétt eftir dauða Stalíns og enginn hefur enn-þá getið uppá um hvað hún fjallar. Hún er um Stalín og Stalínstímabilið. Annar kaflinn, glettan [Scherzo] er í grófum dráttum músíkölsk andlitsmynd af Stalín. Auðvitað er þarna ýmislegt fleira, en þetta er aðalatriðið.“

Shostakovitsj notaði gjarnan dulmál í verkum sínum. Fyrsti kaflinn er langur, harmrænn og þenkjandi. Efniviðurinn virðist af skornum skammti en tónskáldinu verður á snilldarlegan hátt mikið úr honum. Hann tekur meðal annars að láni stef úr „Urlicht“ kaflanum í 2. símfóníu Mahlers þar sem sungið er „Maðurinn liggur í stærstu neyð“ og vitnar einnig í ljóðaflokk sinn „Einræður“ við ljóð Pushkins þar sem línurnar „Hvaða merkingu leggur þú í nafn mitt?“ koma fyrir og vísar í notkun Shostakovitsj á fangamarki sínu D-S-C-H (D-ES-C-H) í þriðja og fjórða kaflanum.

Annar kaflinn er umrædd andlitsmynd Stalíns; reiðileg gletta þar sem háu tréblásturshljóðfærin og herská litla tromman eru áberandi.

Í þriðja kaflanum kallast sjálfshugult stef á við fangamark tónskáldsins. Hornið rýfur samtalið tólf sinnum með tónunum E-A-E-D-A [E, L(a), Mi,R(e)A] sem vísar til nemanda hans, píanóleikarans og tónskáldsins Elmiru Nazirovu sem hann átti í bréfaskriftum við og veitti honum innblástur á sköpunarferli símfóníunnar.

Síðasti kaflinn byrjar þungur og þenkjandi en kemur svo á óvart með gleðilátum „sem gerir símfóníuna að bjartsýnislegum harmleik.“ Í niðurlagi verksins hljómar músíkalskt fangamark tónskáldsins margendurtekið glaðbeitt og fullt sigurvissu.

Sigurður Ingvi Snorrason

Á döfinni

Fiðlukonsert og hirðdansar

Fim. 24. okt. » 19:30

Breski fiðluleikarinn Anthony Marwood leikur *Fiðlukonsert í d-moll* eftir samlanda sinn Benjamin Britten en í ár eru 100 ár frá fæðingu tónskáldsins. Fiðlukonsertinn er í flokki bestu verka Brittens og því sérstakt tilhlökkunarefni að heyra hann í flutningi Marwoods sem hefur hlotið mikið lof fyrir litríka túlkun og tjáningarríkan leikmáta.

Vinsældir Haydns í Englandi voru gríðarlegar og var *Sinfónía nr. 102* flutt undir stjórn tónskáldsins í Konunglega leikhúsinu í London 1795 við rífandi undirtektir. Hljóðheimur annars þáttar sinfóníunnar þykir einn sá magnaðasti í verkum tónskáldsins. Þokkafullir *Hirðdansar* Brittens sem hafa skemmtilega skírskotun í endurreisnartímamann og úrval léttu hljómsveitarþátta eftir Henry Purcell, sem skapaði hinn eina sanna enska barokkstíl, fara einkar vel með áheyrilegri sinfóníu Haydns.

Andrew Manze hefur á skömmum tíma skipað sér í hóp markverðustu hljómsveitarstjóra samtímans. Hann mun á næsta ári taka við stöðu aðalhljómsveitarstjóra NDR-útvarpshljómsveitarinnar í Hannover en auk þess eru fram undan verkefni hjá filharmóníuhljómsveitunum í New York, Los Angeles og London.

Henry Purcell/Andrew Manze Svíta
Benjamin Britten Konsert fyrir fiðlu
Hirðdansar úr sinfónískri svítu, Gloriana
Joseph Haydn Sinfónía nr. 102

Andrew Manze hljómsveitarstjóri
Anthony Marwood einleikari
Tónleikakynning » 18:00 Andrew Manze verður sérstakur gestur á tónleikakynningunni.

Á döfinni

Ástarsögur af hvíta tjaldinu

Fim. 7. nóv. » 19:30

Tónlist hefur frá upphafi leikið stórt hlutverk í kvikmyndum. Á tíma þöglu myndanna lék píanóleikari eða hljómsveit á sýningum til að undirstrika atburðarásina og allar götur síðan hefur kvikmyndatónlist ein og sér notið mikillar hylli tónlistarunnenda.

Á þessum kvikmyndatónleikum er rómantíkin í fyrirrúmi. Flutt verður tónlist úr mörgum frægum myndum á borð við Pararísarbíóið, Á hverfanda hveli, Doktor Zhivago og Brokeback Mountain. Þetta er tónlist frá ýmsum tímum kvikmyndasögunnar sem á það sameiginlegt að snerta streng í hjarta hlustandans.

Þýski hljómsveitarstjórinn Frank Strobel hefur margsinnis komið til Íslands með snilldarverk kvikmyndasögunnar í fartheskinu. Hann hefur helgað líf sitt kvikmyndatónlist og grafið fjölda dýrmætra kvikmynda og upphaflega tónlist þeirra úr gleysku. Hann hefur unnið með fjölda hljómsveita á þessu sviði, meðal annars útvarpshljómsveitunum í Berlín, París og Helsinki, Lundúnasinfóníunni og Sinfóníuhljómsveitinni í Sídney í Ástralíu.

Tónlist úr ýmsum kvikmyndum

Frank Strobel hljómsveitarstjóri

Hljómsveit á tónleikum

10. október 2013

1. FIÐLA

Sigrún Eðvaldsdóttir
Nicola Lolli
Zbigniew Dubik
Mark Reedman
Bryndís Pálsdóttir
Olga Björk Ólafsdóttir
Pálína Árnadóttir
Ágústa María Jónsdóttir
Júliana Elín Kjartansdóttir
Hildigunnur Halldórsdóttir
Andrzej Kleina
Rannveig Marta Sarc
Rósa Guðmundsdóttir
Sigríður Hrafnkelsdóttir

2. FIÐLA

Roland Hartwell
Dóra Björgvinsdóttir
Joanna Bauer
Helga Þóra Björgvinsdóttir
Sigurlaug Eðvaldsdóttir
Þórdís Stross
Ólöf Þorvarðsdóttir
Margrét Þorsteinsdóttir
Kristján Matthíasson
Greta Salome Stefánsdóttir
Christian Diethard
Hlín Erlendsdóttir

VIÓLA

Svava Bernharðsdóttir
Sarah Buckley
Jónína Auður Hilmarsdóttir
Guðrún Hrund Harðardóttir
Þórarinn Már Baldursson
Móeiður Anna Sigurðardóttir
Kathryn Harrison
Guðrún Þórarinsdóttir
Herdís Anna Jónsdóttir
Stefanía Ólafsdóttir

SELLÓ

Bryndís Halla Gylfadóttir
Sigurgeir Agnarsson
Margrét Árnadóttir
Sigurður Bjarki Gunnarsson
Inga Rós Ingólfssdóttir
Júliana Mogensen
Ólöf Sesselja Óskarsdóttir
Auður Ingvadóttir

BASSI

Hávarður Tryggvason
Dean Ferrell
Richard Korn
Þórir Jóhannsson
Gunnlaugur Torfi Stefánsson
Úlfar Ingi Haraldsson

FLAUTA

Hallfríður Ólafsdóttir
Áshildur Haraldsdóttir
Emilía Rós Sigfúsdóttir

ÓBÓ

Matthias Nardeau
Peter Tompkins
Eydis Franzdóttir

KLARÍNETT

Arngunnur Árnadóttir
Rúnar Óskarsson
Sigurður I. Snorrason

FAGOTT

Katarzyna Zdybel
Rúnar Vilbergsson
Kristín Mjöll Jakobsdóttir

HORN

Joseph Ognibene
Emil Friðfinnsson
Stefán Jón Bernharðsson
Þorkell Jólsson
Lilja Valdimarsdóttir

TROMPET

Ásgeir Steingrímsson
Einar Jónsson
Eiríkur Örn Pálsson

BÁSÚNA

Sigurður Þorbergsson
Jón Halldór Finnsson
David Bobroff, bassabásúna

TÚBA

Nimrod Ron

HARPA

Katie Buckley

PÁKUR

Eggert Pálsson

SLAGVERK

Steeff van Oosterhout
Frank Aarnink
Árni Áskelsson
Pétur Grétarsson

Arna Kristín Einarsdóttir framkvæmdastjóri
Bengt Árstad, listrænn ráðgjafi
Margrét Sigurðsson fjármálafulltrúi
Grimur Grimsson sviðsstjóri

Anna Sigurbjörnsdóttir tónleikastjóri
Hjördís Ástráðsdóttir fræðslustjóri
Kristbjörg Clausen, nota- og skjalavörður
Sigþór J. Guðmundsson sviðsstjóri.

Margrét Ragnarsdóttir, markaðs- og kynningarstjóri
Una Eyþórsdóttir mannaútsjóri
Þórunn Vala Valdimarsdóttir umsjónarmaður

Ilan Volkov, aðalhljómveitarstjóri og listrænn stjórnandi

Góð upphitun fyrir tónleika kvöldsins

Opin tónleikakynning á Hörpuhorni á 2. hæð fyrir framan Eldborg

Vinafélag Sinfóníuhljómsveitar Íslands býður upp á 14 tónleikakynningar á starfsárinu. Hörpuhornið opnar á tónleikadegi kl. 18:00 og geta gestir keypt sér súpu og brauð.

Kynningin hefst kl. 18:20 og stendur yfir í 30 mínútur, áhugasömum að kostnaðarlausu.

Vinafélagið er öllum opið sem vilja styðja við bakið á hljómsveitinni. Skráning fer fram með því að senda tölvupóst á vinafelag@sinfonia.is. Árgjaldið er 3.000 kr.



Gula röðin – kynningar

Rosdestvenskij snýr aftur

Fim. 10. okt. 2013

Austrænir tónar

Fim. 21. nóv. 2013

Víkingur leikur Brahms

Fim. 23. jan. 2014

Fimmta Beethovens

Fim. 27. mars 2014

Landsýn

Fim. 13. júní 2014

Rauða röðin – kynningar

Upphafstónleikar

Fim. 5. sept. 2013

Dvorák og Strauss

Fim. 3. okt. 2013

Bartók og Schumann

Fim. 14. nóv. 2013

Midori leikur Mendelssohn

Fim. 6. mars 2014

Ashkenazy og Ólafur Kjartan

Fim. 8. maí 2014

Græna röðin – kynningar

Bach og Beethoven

Fim. 19. sept. 2013

Fiðlukonsert og hirðdansar

Fim. 24. okt. 2013

Kvöldstund með Mozart

Fim. 20. mars 2014

Prats leikur Tsjajkovskij

Fim. 15. maí 2014

GAMMA er aðalstyrktaraðili Sinfóníuhljómsveitar Íslands



GAMMA er óháð fjármálafyrirtæki sem rekur fjölbreytt úrval
verðbréfa- og fagfjárfestisjóða

Klapparstígur 29, 101 Reykjavík, Sími 519 3300, www.gamma.is



GAMMA

GAM Management hf